

Ed.

61. Frumvarp til laga

[61. mál]

um átak í dagvistarmálum barna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Á fjárlögum ár hvert skal veita úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0,8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistunarheimila fyrir börn. Um ráðstöfun fjárins skal fara skv. lögum um byggingu og rekstur dagvistunarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð að sjö árum liðnum frá gildistöku þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við gerð kjarasamninga ASÍ í október 1980 samdi ríkisstjórnin um að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu 10 árum. Með bréfi dags. 26. mars 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistunarheimila á landinu. Nefndin sem lauk störfum 30. apríl 1982 lagði fram umbeðna áætlun byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 milljónir miðað við forsendur I, 50 milljónir miðað við forsendur II, til að því markmiði í byggingu dagvistunarheimila, sem samið var um 1980, yrði náð. Tillögur nefndarinnar um upphæð fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu 909 og skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar voru þessar upphæðir sem hér segir í janúar 1983 og 1984:

	Jan. 1983 (byggingarvísitala 1482)	Jan. 1984 (byggingarvísitala 2298)
30 millj.:	48.9 millj.	75.8 millj.
50 millj.:	81.5 millj.	126.4 millj.

Fjárveitingar á fjárlögum til byggingar dagvistunarheimila voru hins vegar sem hér segir frá því að ofangreindur kjarasamningur var gerður:

1981: 11 milljónir

1982: 15 milljónir

1983: 27 milljónir

1984: 31 millj. 640 þús.

Stjórnvöld hafa því þverbrotið þau loforð sem gefin voru í kjarasamningunum 1980 og ljóst er að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrými aukist svo umfram framboð sökum núverandi efnahagsástands að neyðarástand hefur skapast í þessum efnunum. Við svo búið má ekki lengur standa og því er þetta frumvarp flutt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árlega verði veitt úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0,8% af A-hluta fjárlaga. Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga 1984 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 147 milljónum króna. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir 20 milljón króna hærri upphæð en framreikningar, miðaðir við forsendur II í álitni nefndarinnar, gefa tilefni til.

Ástæður þessa eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi miða forsendur II við að 64% allra barna á aldrinum 3 mánaða til 5 ára og 17% skólabarna á aldrinum 6 til 9 ára þurfi á dagvistarrými að halda. Miðað við tölur um útivinnu kvenna og karla bendir allt til að þörfin fyrir yngri aldurshópin sé að nokkru vanmetin. Augljóst er einnig að engin þáttaskil verða í aðstöðu foreldra og barna við það eitt að börn ná 6 ára aldri og 6 til 9 ára þurfi á skóladagheimilisyri að halda. Eðlilegt er að öll skólabörn á þessum aldri eigi kost á aðstöðu á skóladagheimili óski foreldrar þess. Samkvæmt nógildandi lögum um dagvistarheimili fyrir börn eiga skóladagheimili ekki eingöngu að vera í boði fyrir 6 til 9 ára börn heldur öll börn á grunnskólaaldri og er fráleitt annað en að leitast sé við að fylgja þessum ákvæðum laganna. Tryggja verður að börn og unglingar 10 ára og eldri fái þá uppeldislegu aðstoð sem þau þurfa og þau eiga rétt á skv. lögum. Að öllu samanlögðu er ljóst að þörf fyrir dagvistarrými handa börnum er í heildina meiri en forsendur nefndarinnar gera ráð fyrir og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því við áætlun á fjárförf til byggingar dagvistarheimila fyrir börn.

Í öðru lagi er ljóst að langtum lægri fjárhæð hefur verið veitt til byggingar dagvistarstofnana undanfarin fjögur ár en tillögur nefndarinnar hljóða upp á. Gefur því auga leið að viðbótarfé þarf til að vinna upp það sem tapast hefur í byggingarhraða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði þess skuli endurskoðuð að sjö árum liðnum frá gildistöku laganna, þörfin á dagvistarrými fyrir börn þá endurmetin og fjárframlög ríkissjóðs til byggingar dagvistarstofnana fyrir börn miðuð við hver þörfin á dagvistarrými verður þá.

A það skal bent að ekki er ætlast til að fé þetta verði notað til að reisa íburðarmikil mannvirki. Börnum líður jafnvel í verksmiðjuframleiddu einingahúsi og í móðelsmiðaðri steinsteypuhöll svo fremi sem annar aðbúnaður og umönnun er við þeirra hæfi og umhverfið hlýlegt og heimilislegt. Því er hér hvatt til nýtni og hagkvæmni við ráðstöfun fjárens og bent á að víða má koma upp góðri skóladagheimilisaðstöðu fyrir skólabörn, t. d. í skólum, í félagsmiðstöðvum og á dagvistarstofnunum án mikils tilkostnaðar. Einnig er rétt að benda á að hluta fjárens væri vel varið til að breyta leikskólum í dagheimili eða blandaðar dagvistarstofnanir ef sveitarfélög æskja þess þar sem fjögurra stunda vistun á dag, sem leikskólarnir bjóða, hentar víða illa atvinnuáæstæðum foreldranna og börnin því iðulega fóstruð á tveimur mismunandi stöðum dag hvern.

Að lokum skal á það bent að ýmislegt má betur fara í nógildandi lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Eðlilegt hlýtur m. a. að teljast að ríkissjóður taki þátt í rekstri dagvistarheimila rétt eins og skóla og heilsugæslustöðva þar sem hér er um sambærilega og jafnsjálfsagða félagslega þjónustu að ræða. En þrátt fyrir rök, sem hníga að slíkri breytingu á dagvistarlögunum, hefur sú leið verið valin hér að hrófla ekki við núverandi fyrirkomulagi í bili þar sem brýnast er í því neyðarástandi, sem nú ríkir í dagvistarmálum barna, að tryggja fé til aukningar á dagvistarrými.

Íslenskt nútímasamfélag gerir með sanni ekki ráð fyrir börnum. Við núverandi efnahagsástæður og þann óheyrilega langa vinnutíma sem flestum vinnufærum Íslendingum er þar með boðið upp á, hafa feður og mæður því miður lítinn tíma afgangsrými fyrir börn sín. Og hvar eru börnin á meðan foreldrarnir eru að vinna? Í desember 1983 var rúm fyrir 43,5% barna á landinu á aldrinum 6 mánaða til 5 ára á dagvistarheimilum, þar af voru 34,6% í leikskólum en aðeins 8,9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins er rúm fyrir 377 börn eða 1,5% barna á aldrinum 6 til 11 ára á landinu. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðinum er þetta raunveruleikinn. Og jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi efnahagsástandi sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðinum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sækja dagvistarheimili en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er.